

## **Móttökuáætlun Skóla Ísaks Jónssonar fyrir nemendur af erlendum uppruna**

Þegar sótt er um skólavist fyrir nemendur af erlendum uppruna með annað móðurmál en íslensku hefur skólastjóri samband við foreldra og býður þeim til sérstaks móttökufundar.

Á fundinum er farið í gegnum ýmsar grunnupplýsingar um námið, skólastarfið, skólasamfélagið og þá þjónustu sem boðið er upp á. Upplýsingabæklinga má afhenta. Farið er með nemandann og foreldra í kynnisferð um skólann og starfsmenn kynntir.

Aflað er upplýsinga um bakgrunn og stöðu nemandans skv. móttökuferli um móttöku innflytjenda í grunnskólum Reykjavíkur sem sjá má í Handbók Menntasviðs:

<https://reykjavik.is/mottokuaaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>

Skólastjóri metur hvort boða þurfi túlk á fundinn og kannar hvort foreldrar séu samþykkir því að nýta túlk. Skólastjóri ber ábyrgð á móttöku erlendra nemenda í samvinnu við umsjónarkennara.

Umsjónarkennari nemandans fær þær upplýsingar um nemandann sem fyrir liggja.

Á grundvelli þeirra leggur hann drög að því hvernig unnið verður með nemandanum fyrst um sinn. Umsjónarkennari ber höfuðábyrgð á því að starfsmenn og bekkjarfélagar viti af og búi sig undir komu nýja nemandans. Umsjónarkennari vinnur í samvinnu við sérkennslustjóra og þeir útbúa einstaklingsáætlun.